

3

9. jan.

Frá vatnsæðum þeim, sem nú liggja eða lagðar verða um vatnsveitusvæðið, má enginn leggja neinar vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

3. gr.

Hreppsnefnd Hvollhrepps felur 5 manna nefnd, í sínu umboði, öll framkvæmdastörf, sem að vatnsveitunni lúta og yfirumsjón alla. Skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera úr hópi vatnsneytenda og utan hreppsnefndar. Oddviti hreppsnefndar er sjálfkjörinn formaður vatnsveitunefndar. Skal hún kjörin til fjögurra ára og fylgir kjörtímabili hreppsnefndar.

4. gr.

Hver sá, sem fær vatnsæð samkv. 2. gr., skal hlíta fyrir mælum vatnsveitunefndar um efni, lagningu og annað, sem að því lýtur.

5. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka vatnsæðum hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu eða nota það svo að óþrifum valdi. Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir úrskurð hreppsnefndar.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Sérstaklega skal hann gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

7. gr.

Hver, sem skemmir vatnsæðar, notar þró, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsleiðslunni til, skal auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri hegning liggja við samkv. hegningarlögum. Sömu sektum sæti sá, er brýtur einkarétt hreppsnefndar til vatnssölu.

Bráðabirgðareglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hvollhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. janúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

4

10. jan.

REGLUGERÐ

fyrir Sundhöll Ísafjarðar.

1. gr.

Eigandi Sundhallar Ísafjarðar er bæjarsjóður Ísafjarðar.

2. gr.

Eignin er rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Sundhöll Ísafjarðar.

3. gr.

Rekstur eignarinnar er í höndum 5 manna sundhallarstjórnar.

4. gr.

Sundhallarstjórn sé þannig kosin:

Þrír af bæjarstjórn án tilnefningar, en hinir tveir kjörnir eftir tilnefningu Íþróttabandalags Ísfirðinga og Sjómannadagsráðs Ísafjarðar.

Tilnefndir séu tveir menn í hvort sæti og velji bæjarstjórn á milli þeirra.

Varamenn séu eins kosnir og jafnmargir.

4

10. jan.

5. gr.

Sundhallarstjórn sé kosin eins og aðrar fastar nefndir bæjarstjórnar og starfi hún undir forustu bæjarstjóra eins og þær.

6. gr.

Stjórnin skal halda nákvæma dagbók um störf sín og starfrækslu eignarinnar.

7. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri eignarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar Ísafjarðar, og skulu tillögur sundhallarstjórnar leggjast fyrir bæjarstjórn.

Stjórnin skal árlega gera áætlun um rekstur eignarinnar og leggist hún fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Afrit af ársreikningum (og starfsyfirliti) sendist til íþróttanefndar ríkisins og stjórnar Sjómannadagsráðsins og Íþróttabandalagsins.

Enn fremur er hlutverk sundhallarstjórnar:

- Niðurröðun á sundtímum eða baðtímum og að gera tillögur um afnotagjöld.
- Útlán sundhallarinnar til sýninga og kappmóta.
- Ráðning starfsmanna við daglegan rekstur eignarinnar og gefa fastráðnum starfsmönnum erindisbréf.
- Ákvarðanir um viðhald eignarinnar og áhaldakaup.
- Tillögur um endurbætur.
- Þegar raðað er niður sundtímum skólanna, skulu skólustjórar tilkvaddir og skólunum gefinn kostur á tímum, er samrýmist stundaskrá þeirra og fullnægi kröfunum um sundnám.

8. gr.

Eignina má eingöngu leigja til sundiðkana, baða, sundsýninga og sundkeppni. Íþróttafélög á Ísafirði fá eina klst. á dag forgangsrétt að hagkvæmum sundtíma fyrir félagi sína, enda sé næg þátttaka þessa tíma. Sundiðkendum má veita nokkur fríðindi í aðgangseyri.

9. gr.

Ræsting og viðhald sé samkvæmt fyrir mælum um rekstur og notkun sundstaða. Forstöðumaður sundhallarinnar annast daglegt eftirlit, sundkennslu og annað það, er erindisbréf tilgreinir.

10. gr.

Reikningsár eignarinnar er almanaksárið.

11. gr.

Verði ágóði af rekstrinum, skal honum varið til nauðsynlegra áhaldakaupa, viðhalds og endurbóta á eigninni, utan sem innan.

Verði afgangur af árstekjum, þrátt fyrir, að lagt hafi verið fé til þessa, sem fyrr er talið í greininni, skal það fé lagt til hliðar, til að mæta síðari þörfum.

12. gr.

Sundhallarstjórn annast kaup á áhöldum og sé stofnunin eigandi þeirra allra.

4
10. jan.

13. gr.
Reglugerð þessi, sem samin er af bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt 9. gr. íþróttalaga, nr. 25 frá 12. febr. 1940, til þess að öðlast gildi nú þegar.

Menntamálaráðuneytið, 10. janúar 1947.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

5
10. jan.

REGLUGERÐ

um mat á hraðfrystum fiski til útflutnings.

1. gr.

Allur frystur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal metinn af matsmönnum, undir stjórn freðfisksmatsstjóra.

2. gr.

Við freðfisksmatið starfa yfirmatsmenn freðfisksmatsstjóra til aðstoðar. Starf þeirra er að ferðast um landið og líta eftir framleiðslunni, einnig sjá um lestun skipa og fleira, er freðfisksmatsstjóri mælir fyrir um á hverjum tíma.

Yfirmatsmenn skulu ráðnir eftir þörfum af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum freðfisksmatsstjóra.

3. gr.

Yfirmatsmenn bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart freðfisksmatsstjóra, sem hefur ábyrgð á matinu í heild. Skulu þeir fylgjast nákvæmlega með því, að undirmatsmenn geri skyldu sína og sjá um, að hlýtt sé öllum reglum og fyrirmælum um meðferð og gæði fisksins og um útbúnað báta og húsa.

4. gr.

Yfirmatsmenn á freðfiski skulu koma til eftirlits í hvert frystihús svo oft, að þeir geti fylgzt nákvæmlega með öllu því, er matið varðar, eða a. m. k. einu sinni í viku á aðalstarfstíma hússins, þar sem því verður við komið.

Yfirmatsmaður skal ávallt vera viðstaddur útskipun á frystum fiski, svo að hann geti séð um, að öllum ákvæðum um meðferð vörunnar sé hlýtt.

5. gr.

Útflýgjendur freðfisks skulu tilkynna freðfisksmatsstjóra lestun skipa, er flytja út hraðfrystan fisk, svo snemma, að hann geti sett yfirmatsmenn í skipið. Freðfisksmatsstjóri, eða yfirmatsmaður í umboði hans, skal síðan gefa út flutningsvottorð með farminum, er hann hefur fullvissað sig um, að ákvæðum reglugerðar hafi verið fylgt og fiskurinn sé góð vara.

6. gr.

Yfirmatsmenn skulu halda nákvæmar skýrslur um störf sín á hverjum degi og senda þær á tveggja vikna fresti til matsstjóra. Í skýrslum þessum skal skýrt frá öllum störfum við matið. Skal í þeim tekið fram, hvenær komið var á hvern stað, lengd dvalar, hvers konar vinnu var þá verið að vinna, og sagt frá öllum athugasemdum, er gerðar voru. Skýrslur þessar skulu gerðar á eyðublöð, er aðalskrifstofa matsins lætur gera.